



JÓLANÁMSKEIÐ



FJÖLMENNTAR





JÓLA-TÓNLIST



BJÖLLUR HRINGJA INN JÓLIÐ

Á þessu námskeiði vinnum við með bjölluhljóðið sem margir tengja við jólin.



JÓLARAPP

Á námskeiðinu munu þátttakendur, búa til og flytja texta sem tengist jólnum.



ROKKUM INN JÓLIN

Langar þig að prófa að spila á gítar, bassa, hljómborð eða trommur og upplifa jólalögin í sannkallaðri hljómsveitar-stemningu?



JÓLA-ÍÞRÓTTIR



JÓLAKLIFUR

Klifur er krefjandi íþrótt sem reynir á gripstyrk og samhæfingu. Klifurhúsið býður upp á miserfiða vegg og veggur til fyrir alla.



JÓLASKAUTAR

Skautar er skemmtileg íþrótt sem hentar öllum og er jólamánuðurinn tilvalinn til þess að prófa skauta í Egilshöll.



AÐVENTU JÓGA

Í Aðventujóga förum við í mjúkar jógaæfingar, gerum öndunaræfingar, fáum góða slökun og hugleiðum.





JÓLA-BAKSTUR



GÓMSÆTT JÓLAGOTT OG GÆÐASTUND

Þátttakendur útbúa til dæmis smákökur, konfekt, chuntéy eða annað jólagott sem þeir taka með heim.



JÓLAGJÖF Í KRUKKU

Á námskeiðinu verður búin til jólagjöf í krukku. Um er að ræða hráefni að jólasmákökum sem er tilvalin jólagjöf til þeirra sem eiga allt.





JÓLA-TÆKNI



LEIKUM OKKUR MEÐ SNJALLTÆKI UM JÓLIN.



Á þessu námskeiði lærir þú að nýta einföld og ókeypis forrit sem tengjast samfélagsmiðlum til þess að gera skapandi myndefni og þú færð tækifæri til að prófa ýmsa jólatengda leiki.



RAFRÆN JÓLAKORT



Langar þig að senda jólakveðjur á facebook? Á þessu námskeiði lærir þú að senda jólakveðju rafrænt. Hægt verður að búa til myndband eða ljósmynd með "green screen".





JÓLA-HANDVERK



JÓLAKRANS

Á námskeiðinu er búinn til fallegur jólakrans úr mjúku velour-efni sem skreyttur er með greni, borðum og slaufu.



JÓLASKREYTING

Á þessu námskeiði lærir þú að setja saman einfalda jólaskreytingu í blómapott eða á bakka að eigin vali úr greni, hýasintu, kerti eða með lítilli ljósaseríu.





JÓLA-SPENNANDI



Jólabærinn Hafnarfjörður

JÓLABÆRINN HAFNARFJÖRÐUR

Ætlunin er að upplifa jólaandann í hjarta Hafnarfjarðar. Létt ganga verður um bæinn sem er fallega skreyttur, farið á safn og í lokin verður farið á kaffihús.




LÆRÐU AÐ STRAUJA JÓLAFÖTIN

Á námskeiðinu er kennd handtökin við að strauja föt. Þátttakendur koma með jólaskapið og eigin föt til að strauja.



JÓLAUNDIRBÚNINGUR - LEIKUR AÐ SKYNHRIFUM

Unnið er með greni, negul, köngla, mandarínur/appelsínur, glitrandi efni eins og borða og málpappír, jólaliti í kreppappír eða öðrum efnum sem henta hópnum.



JÓL Á YLSTRÖNDinni

Á námskeiðinu munum við eiga notalega stund á Ylströndinni í Nauthólsvík, fá okkur kakó eða kaffi í pottinum, fara í gufubað og dýfa okkur í sjóinn ef fólk vill.

